



1. útgáfa / 26.05.2009

Öryggisblað (MSDS)

skv. reglugerð UST nr. 750/2008 (REACH)

1. AUÐKENNING EFNISINS EÐA EFNABLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS EÐA FYRIRTÆKISINS

Vöruheiti: Aqua Kem Sachets
Notkunarsvið: Íblöndunarefni í sérpakkningum/hylkjum í ferðasalerni
Söluaðili: N1
 Dalvegur 10-14
 201 Kópavogur
Sími: 440 1000
Netfang: n1@n1.is
Veffang: www.n1.is

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222.
 Símanúmer neyðarlinunnar er 112.

2. HÆTTUGREINING

Fólk:

Efnið telst varasamt fólk skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.
 Ertir öndunarfæri og húð.
 Hætta á alvarlegum augnskaða.
 Varúð: opnið aldrei hylkin, eða meðhöndlið þau með blautum höndum.
 Sjá einnig 11. og 15. lið.

Umhverfi:

Efnið flokkast ekki sem hættulegt umhverfinu (N) skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.
 Efnið telst ekki varasamt umhverfinu skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.
 Innihaldsefni í vörunni geta haft skaðleg áhrif á vatnalífverur í miklum styrk.
 Sjá einnig 12. lið.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

Innihaldsefni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Flokkur	Merki	H-setningar	Styrkur
Brónopól	52-51-7	200-143-0	-	Xn,N	21/22-37/38-41-50	20-30%

Sjá texta H-setninga og heiti varnaðarmerkja innihaldsefna í 16. lið.
 Sjá flokkun efnisins í 2. og 15. lið og H- og V-setningar þess í 15. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHLJÁLPI

Almennt:

Öryggisblað skal ætíð vera tiltækt á vinnustað.
 Ef grunur um heilsutjón eða krankleika vaknar leitið þá strax lækni.
 Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf.
 Sé sá slasaði meðvitundarlaus; leggið hann í læsta hliðarlegu og leitið strax lækni.
 Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlausu fólk!
 Hafið í huga að hættulegt getur verið að veita blástursaðferð ef efnið er eitrad, hættulegt við inntöku eða ætandi.
Sýnið lækni öryggisblað.

Innöndun:

Á ekki við, (opnið ekki hylkin)
 Ef hylki rofnar af slysi, tryggið ferskt loft.
 Leitið lækni eins og ástand segir til um eða ef óþæginda verður vart.

Snerting við augu:

Fjarlægjið linsur ef við á. Skolið strax með miklu af vatni í a.m.k. 15 mín. og haldið auganu vel opnu á meðan.
 Hafið samband við lækni ef ertingar verður vart.

Snerting við húð:

Þvoið strax vel með miklu af vatni. Fjarlægjið allan fatnað sem komist hefur í snertingu við efnið. Leitið lækni verði ertingar vart (t.d. roða í húð).

Inntaka:

Skolið munn hratt með vatni - Tryggið síðan strax ferskt loft að því loknu.

Hafið strax samband við lækni.

Hafið öryggisblað tiltækt.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA**Æskileg/nauðsynleg viðbrögð við eldsvoða:**

Fjarlægjið umbúðir af eldstað sé slíkt mögulegt - ef ekki, kælið með vatnsúða.

Gætið þess að efni frá slökkvistarfi og mengað vatn berist ekki í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

Viðeigandi slökkviefni:

Alkóhólþolin froða, kolsýra, slökkviduft eða vatnsúði.

Efnið er ekki eldfimt.

Slökkviefni sem af öryggisástæðum má ekki nota:

Fer eftir eðli og umfangi eldsvoðans - Ekki er þekkt að efnið setji kröfur þar um.

Sérstök hættu vegna efnisins eða efna sem myndast við bruna:

Forðist innöndun reyks.

Við bruna geta myndast hættulegar lofttegundir (sjá lið 10).

Persónulegur hlífðarbúnaður:

Heilgalli og ferskloftsgríma (SCBA)

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

Sjá 8. lið fyrir takmörkun áverkunar og notkun persónuhlífa og 13. lið fyrir förgun.

Tilkynningar:

Berist efni á einhvern hátt í umhverfið skal tilkynna það viðeigandi yfirvöldum, s.s. lögreglu, slökkviliði og heilbrigðiseftirliti.

Til verndar fólki:

Tryggið góða loftræstingu.

Notið viðeigandi hlífðarfatnað. Sjá lið 8.

Ef hylki rofna skal forðast innöndun innihalds.

Til verndar umhverfi:

Stöðvið útbreiðslu efnis sem lekið hefur niður.

Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, sjó/vatn, grunnvatn eða jarðveg.

Aðferðir við hreinsun:

Mokið upp og komið fyrir í merktu ílát. Fargið eins og fram kemur í 13. lið.

Forðist rykmyndun.

Skolið svæðið ítarlega með miklu vatni að hreinsun lokinni.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA**Meðhöndlun:**

Öryggi fólks við meðhöndlun:

Sjá 6. lið.

Tryggið góða loftræstingu.

Notið viðeigandi persónuhlífar og takið mið af mengunarmörkum (sjá 8. lið).

Fylgið notkunarleiðbeiningum.

Forðist alla snertingu efnisins við augu og húð.

Neysla/geymsla mat- og drykkjarvara auk reykinga er óheimil í vinnurými.

Viðhafið góðar venjur og hreinlæti við meðhöndlun efnavara.

Til varnar umhverfi:

Hellið ekki í niðurföll.

Geymsla:

Almennt:

Geymið í vel lokuðum umbúðum.

Efni geymt með öðrum efnum:

Sjá 10. lið.

Geymið fjarri oxunarmiðlum, alkalískum efnum (bösum) og málmum.

Sérstakar geymsluaðstæður:

Sjá 9. og 10. lið.

Geymið á þurrum, svölum og vel loftræstum stað.

Hiti í geymslu má ekki fara yfir 40°C.

8. TAKMÖRKUN VÁHRIFA/PERSÓNUHLÍFAR

Tryggið góða loftræstingu annað hvort með staðbundnu útsogi eða almennri loftræstingu.

Engin mengunarmörk hafa verið skilgreind fyrir efnið eða innihaldsefni þess.

Persónuhlífar:

Til hlífðar öndunarfarum:

Við "venjulega" notkun/aðstæður er ekki talin þörf á notkun öndunarhlífa.

Til hlífðar höndum:

Við "venjulega" notkun/aðstæður er ekki talin þörf á notkun hlífðarhanska. Meðhöndlið ekki hylki með blautar hendur.

Mælt er með notkun húðverndandi handáburðar (berið á áður en vinna hefst).

Kannið þol hlífðarhanska áður en þeir eru notaðir í fyrsta skipti.

Athugið að ítarlegar prófanir hafa ekki farið fram á þoli hlífðarhanska gagnvart efni.

Valið byggir á bestu þekkingu og upplýsingum um innihaldsefni og upplýsingum framleiðanda hlífðarhanska.

Til hlífðar augum:

Við "venjulega" notkun/aðstæður eru hlífðargleraugu óþörf.

Til hlífðar húð:

Við "venjulega" notkun/aðstæður er ekki talin þörf á notkun hlífðarfatnaðar.

Tæknilegar ráðstafanir:

Augnskol og neyðarsturta.

9. EDLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

Almennar upplýsingar:

Form:	Fast efni, kornað
Litur:	Blár
Lykt:	Fura

pH 10% lausn í vatni blanda: 4,0-6,0

Bræðslumark: >100°C

Eðlisþyngd við 20°C: 1,05-1,15 g/cm³

Leysanleiki:

Vatn: Leysist að fullu

Leysiefnainnihald:

Rokgjörn lífræn efnasambönd
(VOC): 0,3%

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

Aðstæður sem skal forðast:

Sjá 7. lið.

Stöðugt að 50°C, við meðalhita um 30°C, geymist varan í nokkur ár. Eftir nokkur ár í geymslu gæti virkni vörunnar minnkað.

Efni sem skal varast:

Sjá 7. lið.

Sterkir oxunarmiðlar (t.d. ýmis bleikiefni o.þ.h.), alkalísk efni og málmar.

Varasöm niðurbrotsefni:

Sjá 5. lið.

Kolmónoxíð (CO), koldíoxíð (CO₂) og köfnunarefnisoxíð (NO_x) geta myndast við niðurbrot.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Efnið telst varasamt fólki skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Engar upplýsingar liggja fyrir um eiturfraeðileg áhrif efnisins, en eftirfarandi upplýsingar byggja á þekkingu á innihaldsefnum þess.

Bráð/síðbúin eituráhrif:Innöndun:

Getur valdið ertingu í öndunarfærum. Einkenni: ertandi hósti.

Snerting við augu:

Hætta á alvarlegum augnskemmdum. Einkenni: Táramyndun, roði og sársauki.

Snerting við húð:

Ertir húð

Við tíða eða endurtekna snertingu getur efnið valdið þurri og/eða sprunginni húð. Efnið affitar húð.

Inntaka:

Getur valdið ertingu í maga og smáþörmum auk ógleði.

Bráð eituráhrif innihaldsefna:**Brónopól:**

LD50	Inntaka, rotta: 303 mg/kg
LD50	Gegnum húð, rotta: >2.000 mg/kg

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Efnið flokkast ekki sem hættulegt umhverfinu (N) skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Efnið telst ekki varasamt umhverfinu skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Engar upplýsingar liggja fyrir um umhverfisáhrif efnisins.

Upplýsingar í þessum lið byggja á þekkingu á innihaldsefnum.

Bráðvirkni og niðurbrot:

Yfirborðsvirk innihaldsefni í vörinni eru talin auðniðurbrotanleg (60% niðurbrot "closed bottle test")

Ilmfefni í vörinni eru talin auðniðurbrotanleg (60% niðurbrot, "closed bottle test")

Bronopol COD gildi: 600 mg/mL (COD: efnafræðileg súrefnisþörf)

Bráð eituráhrif í vatni:**Brónopól:**

Fiskur	LC50 (96 klst.): 8,6 mg/L (Brachydanio rerio)
Halafló	EC50 (48 klst.): 1,08 mg/L (Daphnia magna)

13. ATRIÐI VARÐANDI FÖRGUN**Förgun efnis/efnisleifa:**

Farga skal efninu og leifum þess skv. gildandi lögum og reglum.

Koma skal efninu til móttökustöðvar.

Förgun umbúða undan efninu:

Farga skal umbúðum undan efninu skv. gildandi lögum og reglum.

Tæmið umbúðir vel og hreinsið ef hægt er áður en þeim er skilað til förgunar/endurvinnslu.

Umbúðum, sem ekki er hægt að tæma eða hreinsa á fullnægjandi hátt, skal fargað á sama hátt og efninu.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

Varan flokkast ekki sem hættulegur varningur skv. alþjóðlegum samþykktum (ADR/RID, IMDG, ICAO/IATA).

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

Merkingar eru í samræmi við reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum og upplýsingar frá framleiðanda.

Innihaldsefni uppfylla kröfur reglugerðar nr 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir (REACH).

Varnaðarmerki: Xi



Varnaðarorð: Ertandi.

Hættusetningar:

37/38	Ertir öndunarfæri og húð.
41	Hætta á alvarlegum augnskaða.

Varnaðarsetningar:

- | | |
|----|--|
| 2 | Geymist þar sem börn ná ekki til. |
| 13 | Má ekki geyma hjá matvælum og öðrum neysluvörum eða fóðri. |
| 26 | Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis. |
| 28 | Berist efnið á húð, skal strax þvo með miklu vatni. |
| 46 | Leitið umsvifalaust læknis eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar. |

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Hættusetningar innihaldsefna:

- | | |
|-------|---|
| 41 | Hætta á alvarlegum augnskaða. |
| 50 | Mjög eitrað vatnalífverum. |
| 21/22 | Hættulegt í snertingu við húð og við inntöku. |
| 37/38 | Ertir öndunarfæri og húð. |

Varnaðarmerki innihaldsefna:

- Xn - Hættulegt heilsu
- N - Hættulegt umhverfinu

Útgáfa: 1.

Dags.: 26.05.2009

Öryggisleiðbeiningar þessar eru unnar af Mannviti (DBR).

SNR Mannvits: OB-100-027-2.100.012

Öryggisleiðbeiningar þessar eru byggðar á okkar bestu þekkingu ásamt upplýsingum frá framleiðanda og eru unnar í samræmi við gildandi reglugerðir. Öryggisleiðbeiningarnar eiga einungis við um vöruna eins og hún kemur frá söluaðila. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hverju sinni.